



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita



## Móttökuritari óskast til starfa.

Laus er til umsóknar staða móttökuritara hjá Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita hefur meðal annars það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins. Aðsetur móttökuritara er að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Byggðasamlagið þjónar sveitarfélögum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

### Starfssvið :

- Símsvörun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofustörfum með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Rúnar Guðmundsson í síma 480-5550 á skrifstofutíma. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið hentar báðum kynjum.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2019 og berist á netfangið [runar@utu.is](mailto:runar@utu.is)**